



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Byggingarfulltrúi

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11

Reykjavík, 3. maí 2019

Varðar Vesturgötu 24 – ásigkomulag lóðar.

Í framhaldi af fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins skoðaði skilmálaeftirlit byggingarfulltrúa lóðina að Vesturgötu 24.

Samkvæmt 2.9.2. gr. byggingarreglugerðar er m.a. kveðið á um það að gera skal eigenda aðvart og leggja fyrir hana að bæta úr því sem áfátt er ef ásigkomulagi lóðar er ábótavant.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skoðunarskýrslu er ástand umræddrar lóðar um margt ábótavant og mun eiganda lóðarinnar verða sent bréf og gert að bæta snarlega úr því sem áfátt er. Verði þessum tilmælum ekki sinnt mun verða tekin ákvörðun um framhald málsins, sem getur falið í sér beitingu dagsektarákvæða og/eða að láta vinna verkið á kostnað eiganda.

Virðingarfyllst



Nikulás Úlfar Masson
byggingarfulltrúi



Skoðunarskýrsla

Staður: Vesturgata 24

dags. 3. maí 2019

Efni: Umhirða og frágangur á lóð

Viðstaddir úttekt: Robert Pajdak og Gylfi Ástbjartsson f.h. byggingarfulltrúa

Embætti byggingarfulltrúa barst kvörtun vegna umhirðu á lóð nr. 24 við Vesturgötu. Vettvangsskoðun leiddi í ljós að umhirðu og frágangi lóðar er ábótavant. Byggingarefni liggur á víð og dreif um lóðina.









Í samræmi við gr. 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 verður lóðarhafa sent bréf og gert að hreinsa til á lóðinni og bæta úr því sem áfátt er. Verði þessum tilmælum ekki sinnt mun verða tekin ákvörðun um framhald málsins með hliðsjón af fyrrnefndri grein. Getur sú ákvörðun falið í sér beitingu dagsektarákvæða.